

Yfirferð bókana í leghálssýnatöku og skráning beiðna og annarra samskipta.

Tilgangur

Að lýsa yfirferð tímabókana í leghálssýnatökum og skráningu samskipta og beiðna.

Ábyrgð

Sýnatökuaðilar bera ábyrgð á að yfirfara bókanir í leghálssýnatöku og skrá beiðnir og önnur samskipti í samræmi við þetta gæðaskjal.

Yfirlæknir Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana (SKS) ber ábyrgð á að innleiða samþykkt verklag.

Yfirferð bókana

Skoða á skimunarsögu þeirra sem eiga bókaðan tíma í leghálssýnatöku ekki seinna en deginum áður til að staðfesta hvort sýnataka sé tímabær. Þannig tryggjum við betri nýtingu tímabókana og komum í veg fyrir ofskimun. Sýnatökuaðili getur farið yfir bókanir eða falið öðrum það, t.d. heilbrigðisgagnafræðingi.

Framkvæmd

Skoða þarf skimunarsögu í Sögu-kerfinu á „Forsíðu sjúklings“ undir „Komusaga krabbameinsskimana“

▼ Komusaga krabbameinsskimana

Dag.	Tegund	Niðurstaða
16.03.2020	Skoðun	Strok: Eðlilegt sýni.
27.02.2017	Skoðun	Strok: Eðlilegt sýni.
14.01.2013	Skoðun	Strok: Eðlilegt sýni.
15.10.2008	Skoðun	Strok: Eðlilegt sýni.
19.05.2005	Skoðun	Strok: Eðlilegt sýni.
10.01.2002	Skoðun	Strok: Eðlilegt sýni.

Skrá skal athugasemd í tímabókunina svo sjáist að búið sé að skoða komusögu og sýnatökuaðila sé ljóst hvers vegna konan er að koma. Hér eru dæmi um athugasemdir sem hægt er að nota:

- Skimun - s
- Fyrsta skimun - f s
- Eftirlit - e

nnarsdóttir / s
Þríkharðsdóttir / s
Ámpórsdóttir / f s
Einarsdóttir / s
núelsdóttir / f s

Með athugasemdunum getur móttöku og fræðsluþörf

sýnatökuaðili verið undirbúinn fyrir skjólstæðings.

Hvenær er um að ræða skimun og hvenær eftirlit?

Skimun

- Kona á aldrinum 23-29 ára og meira en 3 ár eru frá síðustu sýnatöku og skimunarsaga gefur til kynna að kona sé ekki í eftirliti.
- Kona á aldrinum 30-64 ára og meira en 5 ár eru frá síðustu sýnatöku* og skimunarsaga gefur til kynna að kona sé ekki í eftirliti.

* Í byrjun árs 2021 var tekin upp HPV frumskimun hjá aldurshópnum 30-64 ára (e. primary HPV screening). Konur í þeim aldurshópi fá boð um að mæta í skimun á 5 ára fresti sé HPV neikvætt. Konur sem ekki hafa mætt í sýnatöku eftir 1. janúar 2021 fylgja ennþá eldri leiðbeiningum.

Útgáfa 1 Skjal samþykkt 20. júní 2023

Höfundar gæðaskjals: Anna Sigríður Vernharðsdóttir, Hrafnhildur Grímsdóttir, Aníta Kristjana Elínardóttir

Ábyrgðarmaður: Ágúst Ingi Ágústsson

Síða 1 of 3

Eftirlit

Skráð er í komusögu „Eftirlit xx mán.“ eða „Eftirlit dd.mm.áááá“. Eftirlit getur verið eftir keiluskurð, leghálsspeglun eða óeðlilega niðurstöðu úr frumu- eða HPV-greiningu.

Hér má sjá dæmi um komusögur sem sýnir að kona er í eftirliti:

Hér er mælt með eftirliti 12 mánuðum eftir 14.12.2021 eða í desember 2022.

Komusaga krabbameinsskimana

Dag.	Tegund	Niðurstaða
14.12.2021	Skoðun	Strok: Eðlilegar frumur hrHPV jákvætt. Eftirlit: 12 mán.
20.10.2020	Skoðun	Strok: Eðlilegt sýni Bólubreytingar í frumum. HPV: pos. A. Ráðs
22.11.2019	Skoðun	Strok: LSIL. HPV: pos. A. Ráðstöfun: HPV-TRIAGE. Eftirlit: 6 m

Hér er mælt með eftirliti 17.03.2023.

Komusaga krabbameinsskimana

Dag.	Tegund	Niðurstaða
15.11.2021	Skoðun	Strok: LSIL hrHPV jákvætt. Ráðstöfun: Spegln. Aðgerð: 17.03.2022 SPEGLUN. Vefjasýni: T83100 Exocervix M74006 CIN1 (LSIL). Eftirlit: HPV 17.03.2023.
22.09.2020	Skoðun	Strok: LSIL. HPV: pos. A. Ráðstöfun: Leghálsspeglun og biopsia óskast. Aðgerð: 30.11.2020 SPEGLUN. Vefjasýni: T83100 Exocervix M74006 CIN1 (LSIL). Eftirlit.

Tímamörk sýnatöku m.v. ráðstöfun (skimun eða eftirlit).

- 6 mán. – má koma allt að 6 vikum fyrr
- 12 mán. – má koma allt að 3 mán. fyrr
- 3 eða 5 ár – má koma allt að 6 mán. fyrr

Ef um er að ræða sýnatöku í kjölfar ófullnægjandi sýnis skal taka það innan 3ja mánaða og flokkast sem eftirlit.

Leghálssýnataka ótímabær

Ef leghálssýnataka er ótímabær samkvæmt skimunarleiðbeiningum þarf að hafa samband við konuna og útskýra hver vegna hún eigi ekki að mæta með skimunarleiðbeiningar til hliðsjónar. Mikilvægt er að skrá samskiptin í Sögu-kerfið.

Konur utan skimunaraldurs

- Ef kona eldri en 64 ára óskar eftir skimun má taka sýni ef hún á ekki neikvætt HPV sýni tekið eftir 60 ára aldur. Ef hún er hins vegar með einkenni ber að vísa henni til kvensjúkdómalæknis.
- Ef kona yngri en 23 ára óskar eftir skimun ætti að vísa henni til kvensjúkdómalæknis ef hún er með einkenni en annars útskýra að skimun hefjist við 23 ára aldur.

Samskiptaseðill hjúkrunar
Heilsugæslan Árbæ

Persónuupplýsingar

Flokkun samskipta

Dags. og tími	Staðsetning	Aðkoma
14.06.2023 08:21	Heilsugæslan, Árbær	Ráðaður tími
Djónustuflokkur	Samskiptaform	Fylgd
Skimun leghálsskrabbamein	Símtal	Á ekki við
Meðferðaráðili	Ábyrgur starfsmaður	Aðrir starfsmenn
Anna SV.	Björk	

Tílefni

Helti	Kóði
Vantar leiðbeiningar um heilbrigðiskerfið	N/A

Lýsing

Saga og mat

Upplýsingasöfnun

Átti bókaðan tíma í leghálsskimun en ekki kominn tími á skimun fyrr en í nóvember 2026. Útskýrt og tímabókun tekin út.

Mælingar

Sáramedferð

Hjúkrunargreining / Greining

Hjúkrunarmedferð / Úrlausn

#1	Helti	Kóði
	Ráðleggingar og útskýringar	5240

Útgáfa 1 Skjal samþykkt 20. júní 2023

Höfundar gæðaskjals: Anna Sigríður Vernharðsdóttir, Hrafnhildur Grímsdóttir, Aníta Kristjana Elínardóttir

Ábyrgðarmaður: Ágúst Ingi Ágústsson

Síða 2 of 3

Kona með einkenni

Ef kona lýsir einkennum skal ávallt vísa henni til kvensjúkdómalæknis óháð því hvort komið er að sýnatöku í skimun eða eftirlit.

Ráðstöfun um næstu sýnatöku kemur frá SKS út frá niðurstöðum úr greiningu sýnis en getur ekki tekið tillit til einkenna sem gætu þurft frekari skoðun, rannsókn eða meðferð.

Skráning beiðna

Skrá þarf PAP beiðni fyrir hvert leghálssýni og koma þarf fram hvort um er að ræða skimun eða eftirlit.

Skráning athugasemda í beiðni

Á PAP beiðni eru tveir reitir til að skrá athugasemdir.

Í reitinn „Athugasemd í sjúkraskrá“ má skrá upplýsingar sem tengjast sýnatöku og sýnatökuaðili telur mikilvægt að komi fram í sjúkraskrá. Þessi skráning er ekki sýnileg hjá SKS. Dæmi um skráningu: kvíði fyrir sýnatöku, erfiðlega gekk að finna legháls, verkir við sýnatöku o.fl.

Í reitinn „Skilaboð/skýring til Samhæfingarstöðvar“ eru skráðar upplýsingar sem hafa áhrif á meðferð sýnis og úrlausn niðurstaðna. Þessi skráning er sýnileg hjá SKS. Dæmi um skráningu: legnám fyrir X árum, saga um keiluskurð/leghálsspeglun erlendis og átti að mæta í eftirlit núna.

Mikilvægt er að staðfesta beiðni svo hún berist til SKS.

Tveir leghálsar

Ef kona er með tvo leghálsa þarf að taka tvö sýni og skrá tvær beiðnir. Í reitinn „Skilaboð/skýring til Samhæfingarstöðvar“ þarf að tilgreina hvor beiðnin tilheyrir hægri eða vinstri leghálsi í samræmi við merkingu á sýnaglasí.

Fyrirspurnir varðandi málefni leghálsskimana

Ávallt er hægt að ráðfæra sig og fá leiðbeiningar hjá starfsfólki SKS ef spurningar vakna varðandi leghálssýnatökur eða skráningar.

SKS er með vaktaða spjallrás í Heilsugátt þar sem hægt er að senda erindi sem mega innihalda persónuupplýsingar. Rásin heitir „Samhæfingarstöð krabbameinsskimana“.

Ef erindi er brýnt, t.d. kona er mætt í skoðun, þá er hægt að hringja í SKS í síma 615-3344 sem eingöngu er ætlaður heilbrigðisstarfsfólki.

